



Reykjavík – 2
Leyfi nr. 196

Ný akstursbók - Álestrartímabil

Akstursbók

Faslnúmer

Akstursbók

FYRIR ÖKUTÆKI MEÐ ÖKUMÆLI

MÆTA SKAL Í ÁLESTUR VEGNA:

1. ársþriðjungs tímabilið 20. janúar - 10. febrúar
2. ársþriðjungs tímabilið 20. maí - 10. júní
3. ársþriðjungs tímabilið 20. september - 10. október

Skráning í akstursbók þessa grundvallast á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar

RÍKISSKATTSTJÓRI

Afhending nýrrar akstursbókar

Eigendur eða umráðamenn fá afhenta nýja akstursbók á næsta álestrartímabili (þ.e. 20. janúar - 10. febrúar nk.). Tekið skal fram að eiganda eða umráðamanni ber að varðveita akstursbók í 7 ár frá lokum gjaldárs.

Kílómetragjald bifreiða

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
0-4.999	6,40	18.000-18.999	15,38
5.000-5.999	6,80	19.000-19.999	16,56
6.000-6.999	7,35	20.000-20.999	17,44
7.000-7.999	7,72	21.000-21.999	18,45
8.000-8.999	8,06	22.000-22.999	19,61
9.000-9.999	8,42	23.000-23.999	20,55
10.000-10.999	8,94	24.000-24.999	21,47
11.000-11.999	9,27	25.000-25.999	22,52
12.000-12.999	10,08	26.000-26.999	23,52
13.000-13.999	10,80	27.000-27.999	24,57
14.000-14.999	11,64	28.000-28.999	25,61
15.000-15.999	12,53	29.000-29.999	26,66
16.000-16.999	13,53	30.000-30.999	27,70
17.000-17.999	14,51	31.000 og yfir	28,75

Álestrartímabil

Álestrartímabil 1. gjaldtímabils 2002 er 20. janúar - 10. febrúar nk. Gjaldalagi er 11. febrúar 2002 og eindagi er 15. mars 2002. Gjaldendur eru minntir á að mæta í álestur á ofangreindu álestrartímabili, því hafi ekki verið mætt með ökutæki, á númerum, til álestrar á álestrartímabilinu áætlað ríkisskattstjóri akstur sem svarar til 32.000 km aksturs á gjaldtímabilinu. Áætlun þungaskatts vegna fólksbifreiða skal þó vera 8.000 km. Hafi álestur ekki farið fram við innlögn númera eða afskráningu verður akstur áætlaður (32.000/8.000 km)

Álestur innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils (innan kærufrests)

Komi gjaldandi, sem sætt hefur áætlun, með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils skal álestur tekinn sem kær og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Þegar mætt er í álestur eftir að álestrartímabili lýkur, þ.e. eftir 10. febrúar 2002, bætist 1% álag við fjárhæð skattsins fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar, í allt að tíu daga, þ.e. að hámarki 10%.

Álestur eftir þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils (utan kærufrests)

Mæti gjaldandi með ökutæki sitt til álestrar eftir að þrjátíu dagar eru liðnir frá lokum álestrartímabils beitir ríkisskattstjóri, auk 10% álags, sektum, samkvæmt 3. mgr., sbr. 1. mgr. 18. gr., laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, ásamt síðari breytingum. Ríkisskattstjóri hefur sett sér ákveðnar verklagsreglur um beitingu sekta utan kærufrests. Sé mætt með ökutæki til álestrar 20. mars 2002 eða síðar varðar það sekt sem hækkar eftir því sem lengra líður frá lokum álestrartímabils í samræmi við eftirfarandi:

1) 20/3 - 26/3	er sektin	kr. 5.000
2) 27/3 - 2/4	er sektin	kr. 7.500
3) 3/4 - 9/4	er sektin	kr. 10.000
4) 10/4 - 16/4	er sektin	kr. 12.500
5) 17/4 eða síðar	er sektin	kr. 15.000

Athygli er vakin á því að eigandi eða umráðamaður ökutækis með ökutæki skal mæta með ökutækið til álesturs á álestrartímabili. Þessi skylda á við öll ökutæki sem þungaskattur er lagður á í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra

skv. ökutækis. Ef ökutæki er óökufært og því ekki mögulegt að mæta með það til álestraraðila er hægt að óska eftir álestri frá álestraraðila / vegagerð. Slíkt þarf að gera tímanlega. Ekki er þörf á álestri á álestrartímabili hafi álestur farið fram vegna innlagnar númera / afskráningu ökutækis.

Skráning á akstri í akstursbók/sekt

Skylt er að skrá akstur reglulega í akstursbók:

- Ef ökuriti er notaður sem ökutækis skal skrá kílómetrastöðu hans daglega.
- Ef annars konar ökutækis er ökuriti er notaður skal skrá kílómetrastöðu hraða-mælis daglega en kílómetrastöðu ökutækisins vikulega.
- Eigendum eða umráðamönnum ökutækja sem búin eru ökutækis, sem ekki eru nýtt í atvinnurekstri, er einungis skylt að skrá mánaðarlega í akstursbók.
- Akstur eftirvagna skal skrá vikulega.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 3/1987 skal ríkisskattstjóri beita sektum sé ekki skráð í bókina eftir settum reglum og hafa sektir verið ákveðnar eftirfarandi:

1. Akstur ranglega færður:

- fært vikulega en á að færa daglega kr. 5.000
- fært mánaðarlega en á að færa daglega kr. 10.000
- færð inn km-staða hraðamælis en ekki ökutækis kr. 7.500
- færð inn km-staða ökutækis en ekki hraðamælis kr. 5.000

Fyrir ítrekuð brot má gera ráð fyrir hækkun sekta.

2. Akstur ekki færður:

- Fyrir ökutæki sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki nýttar í atvinnurekstri skal sekt vera að lágmarki 10.000 kr.
- Fyrir önnur ökutæki skal sekt vera að lágmarki 15.000 kr.
- Fyrir ítrekuð brot skal sektin hækka um 5.000 kr. í hvert sinn, í allt að 50.000 kr.

Fast gjald - mælagjald

Til áréttingar skal bent á að skv. 4. mgr. A- liðar 4. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, ásamt síðari breytingum, gildir skráning ökutækis í skattflokk í ár í senn, þ.e. sami eigandi getur ekki breytt úr föstu gjaldi í mælagjald nema að a.m.k. ár líði á milli skattflokkaþreyinga. Álagning / niðurfelling fast gjalds er hlutfallsleg miðað við þann dag sem ökutæki fer á / af föstu gjaldi.

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna ýmsan fróðleik um þungaskatt.

Slóðin er: www.rsk.is

GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA

SÍMI 563 1100 · FAX 563 1290